

Myndlist í Mývatnssveit.

Menningarfélagið Gjallandi stendur fyrir myndlistarsýningu um páskana.

Til sýnis verða listaverk eftir myndlistarmenn sem hafa búið og starfað í Mývatnssveit.

Jóhannes Sigfinnsson (1896-1980)
Örn Friðriksson (f. 1927)
Hólmfríður Pétursdóttir (1926-2004)
Sólveig Illugadóttir (f. 1939)
Óli Kristjánsson (1920-2009)
Eyþór Pétursson (f. 1957)



Sýningin fer fram í Skjólbrekku og verða opnunartímar sem hér segja:

Föstudagurinn langi	11.00 – 18.00
Laugardagur	16.00 – 18.00
Páskadagur	16.00 – 18.00


Kveðja, stjórnin.

Rotþróin 2014.

Málþing um vandamál og lausnir varðandi skólp.

Málþingið verður haldið í Skjólbrekku 26. apríl næstkomandi.

Dagskráin nánar auglýst síðar.



Fjöregg, félag um náttúruvernd og heilnæmt umhverfi í Mývatnssveit.

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

12. tbl. 6. árg. miðvikudaginn 16. apríl 2014

Afmælisbörn dagana 17. apríl — 23. apríl 2014

17. Örn A. Hauksson.
18. Sigurbjörn Ásmundsson, Susi Haugaard.
19. Ásmundur K. Jónsson, Stefán Jón Pétursson, Viktoría Isolde Nooteboom.
20. Gísli Rafn Jónsson.
22. Elías Davíð Harðarson, Gunnhildur Stefánsdóttir, Kristján Steingrímsson.



Helgihald um páskana í Mývatnssveit verður sem hér segir:

18. apríl föstudagurinn langi.

Morguntíð verður sungin af klerkunum sr. Örnólfi og sr. Þorgrími í Reykjahlíðarkirkju klukkan 08:45 árdegis og markar hún upphaf Píslargöngunnar.

Passíúsálmur sr. Hallgríms verða lesnir fyrir gesti og gangandi í Skútustaðakirkju um daginn og göngufólki og öðrum velkomið að setjast inn.

20. apríl páskadagur, kl. 08:00 árdegis.

Bænastund í Reykjahlíðarkirkju á páskadagsmorgni.

Kl. 11:00 árdegis.

Sameiginleg hátíðarguðsþjónusta Skútustaðasóknar og Reykjahlíðarsóknar í Skútustaðakirkju.

Prestur er sr. Örnólfur Jóhannes Ólafsson.

Organisti er Jaan Alavere. Sameinaðir kórar sóknanna syngja.

Gleðilega páska.
Sr. Örnólfur

Karلاكór Vopnafjarðar og Kór Hofs- og Vopnafjarðarkirkju
halda tónleika 27. apríl n.k. í Þorgeirskirkju kl. 14:00
og Skjólbrekku kl. 20:00.

Fjölbreytt dagskrá.
Stjórnandi og undirleikari: Stephen Yates.
Aðgangur kr. 2.000- Frítt fyrir börn.
Ekki tekið við greiðslukortum.



HEILSUGÆSLAN OG LYFJA MÝVATNSSVEIT.

Vegna margra frídaga á næstunni verða Heilsugæslan og Lyfja
opin þriðjudaginn 22. apríl frá kl. 8:30 - 15:00.

Móttaka læknis verður frá kl. 10:00 -12:00,
tímabantanir í síma 464 0501.
Blóðprufur teknar frá kl. 8:30 - 10:00.

Gleðilega hátíð,
Dagbjört og Agla



Páskamenning.

Menningarfélagið Gjallandi vill minna alla á viðburðina
í kringum páskahátíðina s.s. Músík í Mývatnssveit og þíslagönguna.
Einnig mun Gjallandi standa fyrir sinni fyrstu
málverkasýningu í Skjólbrekku.

Gleðilega páska,
Gjallandi



Mývetningar, ferðafólk.

Munið hina árlegu páskatónleika.

Á skírdag 17. apríl kl. 20:00 í Skjólbrekku.

Þar verður flutt tónlist m.a. eftir Beethoven, Chopin, Dvorák,
íslensk sönglög og óperusmellir.
Sérstakir gestir eru karlaoktettinn Garðar Hólm.

Á föstudaginn langa 18. apríl kl. 21:00 í Reykjahlíðarkirkju.

Meðal annars verður þar flutt tónlist eftir Bach, Händel,
Glück ásamt íslenskum sálmalögum.

Flytjendur:

Sesselja Kristjánsdóttir	mezzosópran
Laufey Sigurðardóttir	fiðla
Aladár Rác	píanó/orgel.

Í Skjólbrekku verða sýndir pappírskúlpúturar „Mý“
eftir Svövu Björnsdóttur myndlistarmann.

Miðasala við innganginn.
Miðaverð á aðra tónleikana kr. 2.500,
tvennir tónleikar kr. 4.000.

Músík í Mývatnssveit.



Lokahátíð sunnudagaskólans

haldin í Kirkjumiðstöðinni við Vestmannsvatn
á skírdag 17. apríl (á morgun, fimmtudag) klukkan 11:00 til 12:30.

Við bjóðum öllum börnum og foreldrum, öfum og ömmum
að koma í Kirkjumiðstöðina við Vestmannsvatn.
Þar verður sungið, trallað, sögð saga páskanna
og farið í leiki með börnunum.
Öllum boðið upp á pylsur og djús að dagskrá lokinni.

Umsjón hafa sr. Sólveig Halla og sr. Þorgrímur.
Verið velkomin.





Aðalfundur hestamannafélagsins Þjálfa

verður haldinn þriðjudaginn 29. apríl
kl. 20:30 í Staðarhrauni.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Kaffi og með því - í boði félagsins.

Sýndar verða eldri video myndir “brot af því besta”
af hestamannamótum, sem félagar hafa fundið í fórum sínum.
Vonumst til að sjá sem flesta, nýja og gamla féлага.

Stjórnin.

Æskulýðsstarf Þjálfa.

Við ljúkum vetrarstarfinu með vormóti Þjálfa
í Torfunesi, **1. maí kl. 14:00.**

Keppt verður í polla- barna- og unglingaflokki
OG flokki fullorðinna!

Grill og gaman, hjá okkur saman.

Höldum **aðalfund** æskulýðsdeildarinnar í **kaffistofunni kl. 13:00.**

Helgina á undan verður reiðnámskeið fyrir börnin, með kúrekaþema!
Krakkar: þið fáið nánari upplýsingar í tölvupósti.

Þökkum gott samstarf í vetur.
Stjórn æskulýðsdeildar Þjálfa.



Páskar í Reynihlíð.




Miðvikudaginn 16. apríl opnum við Gamlabæinn fyrir sumarið,
fjölbreyttur og girnilegur matseðill.
Í tilefni opunarinnar er happy hour á barnum milli kl. 20 & 22.

Píslargangan er á sínum stað og hefst kl. 09:00
frá Hótel Reynihlíð, merki göngunnar að þessu sinni
er teiknað af Bjarna Jónassyni og er til sölu í móttökunni
í Hótel Reynihlíð frá miðvikudegi.

Theodór hefur sett saman sérstakan Píslargöngumatseðil í Myllunni
að kvöldi föstudagsins langa, 3 réttir á aðeins 4.900 kr.
opið frá kl. 18:30 til 21:00.

Borðapantanir í myllan@myvatnhotel.is

Á laugardagskvöldið er happy hour á barnum
í Gamlabænum milli kl. 17 & 19.
Stebbi Jak og Ottó stíga á stökk og gleðja gesti okkar
með tónlistarflutningi frá kl 22:00.



Verið ávallt velkomin.



Páskabingó Mývetnings!

Við viljum minna á að bingóið er í kvöld kl: 20:00
í Reykjahlíðarskóla.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Stjórn Mývetnings.





Upplýsingar um opnunartíma skíðalyftunnar í Kröflu er hægt að sjá á Facebook síðunni "Mývetningur skíði" eða hringja í Kollu í síma 866 9910.

Það fer allt eftir veðri hvað hægt er að hafa mikið opið.

Mývetningur.



Dyngja verður opin um páskana, skýrdag, föstudaginn langa og laugardag frá kl. 13:00 - 17:00.

Margt fallet á boðstólnum. Flatbrauð og rúgbrauð ef veður leyfir til baksturs.

Vekjum athygli á að alltaf er hægt að opna ef haft er samband í síma 464 2003.

Mýflugan

Mýflugan óskar lesendum og viðskiptavinum sínum gleðilegra páska.



Kveðja, Hrafnhildur

RÁÐ UM GÓÐA HEILSU FRÁ ÖMMU..... :)



Hjartamál og Hugadraumar.

Svava Blomsterberg.

Amma nú ert þú 101 árs...Hvað gerir maður til þess að Ná þessum aldri ????

Já þegar að maginn er slæmur fæ ég mér bjór..þegar að ég hef litla matarlyst þá fæ ég mér hvítvín..Þegar að blóðþrýstingurinn er niðri þá fæ ég mér rauðvín..Ef hann er uppi þá fæ ég mér sjúss...Ef ég fæ kvef sletti ég tveim sjússum í mig fyrir nóttina og þremur þegar að ég rís úr rekkju !

EN Amma hefur þú aldrei hugsað um að DREKKA VATN ?

Nei elskan svo langt leidd hef ég aldrei verið.